

að leitast alvarlega við að kynna mjer æ betur og betur goðsorð og trúarlærdóm- 88
ana, svo jeg verði því færari um að gegna mínu helga embætti; 31. ágúst.

að ganga á undan söfnuði mínum með góðu eptirdæmi og grandvöru lífern, reka embætti mitt með hlýðni, sem vera ber, við kirkjulögin í öllum greinum og hegða mjer þannig við yfirboðara og stjettarbræður mína, að enginn geti með rökum ákært mig.

Með reikningsskapardaginn fyrir augum heiti jeg því að halda allt þetta sam-
vizkusamlega eptir því sem Guð vill veita mjer náð til þess.

Þetta er eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegr-
ar leiðbeiningar og birtingar fyrir biskupi og ber einnig að kunngjöra það í B deild
Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um að eigi verði 89
leyft að halda „lotteri“ þegar vinningarnir sjeu peningar. — Út af þóknanlegu 8. sept.
brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 13. f. m. og þar með fylgjandi bónarbrjefi sókn-
arnefndarinnar í Hólasókn í Hjaltadal, þar sem hún fer þess á leit, að henni veitist
leyfi til að halda „lotteri“ með peningavinningum í því skyni, að keypt verði fyrir á-
góðann af því orgel í Hólakirkju, tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og birtingar fyrir greindri sóknarnefnd, að eptir þeim reglum er fylgt hefir verið
hingað til verði leyfi eigi veitt, til að halda „lotteri“ þar sem vinningarnir sjeu pen-
ingar.

Brjef landshöfðingja til hins frakkneska konsularagents í Reykjavík um út- 90
flutningsgjald af saltfiski veiddum á frakknesku fiskiskipi. — Í heiðruðu brjefi, dags. 11. sept.
23. júlí þ. á. hafið þjer sem frakkneskur konsularagent hjer í Reykjavík, skotið því
undir úrlausn mína, hvort það hafi verið rjett að bæjarfógetinn í Reykjavík hafi heimt-
að útflutningsgjald af saltfiski sem veiddur hafði verið á frakknesku fiskiskipi »Confiance
en Dieu« en var lagður hjer í land um tíma, sökum þess að nefnt fiskiskip reyndist
ósjófært, og síðan fluttur til Frakklands til eigandans með norsku skipi er leigt var til
þess.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða, að tjá yður hjer með þjónustusamlega, eptir
að jeg hef fengið álit bæjarfógetans í Reykjavík um mál þetta, að með því að saltfisk-
ur sá, er hjer ræðir um, hafði verið lagður á land hjer í bænum, sem annað strandgóz
tillheyrandi ofannefndu fiskiskipi, sem var dæmt ósjófært, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en
að rjett hafi verið að heimta útflutningsgjald af fiskinum, þegar hann síðar var fluttur
til útlanda í skipi sem komið var hingað í öðrum erindum, en var tekið á leigu til
flutningsins og síðan afgreitt hjeðan á vanalegan hátt.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 91
sveitfesti þurfaðmanns. — Eptir að jeg með þóknanlegu brefi yðar, herra amtmaður, 13. sept.
dags. 21. f. m., hefi meðtekið skjöl þau, er jeg hafði æskt eptir í sveitfestismáli Kristj-
áns Hreinssonar, er með úrskurði yðar, 14. desbr. 1886, sem hreppsnefnd Biskupstungna-
hrepps hefur áfrýjað til mín, var álitinn sveitlægur í greindum hreppi, skal yður hjer
með tjáð það er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.